

## **Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (FG), kt. 581286-1639 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:**

### **1. Tilgangur**

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig FG uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

### **2. Hlutverk og megináherslur**

FG er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FG þjóna því.

Stefnuskrá skólans er birt á heimasíðu hans og er uppfærð reglulega. Síðast var hún uppfærð 2009 og verður endurskoðuð vorið 2013. Helstu atriði hennar eru eftirfarandi:

#### **Hlutverk**

Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt,
- hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar og þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum,
- auka vísýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfá þá í gagnrýnni hugsun,
- efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi,
- þjálfá nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta,
- stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl.

#### **Markmið**

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Frekari upplýsingar má sjá hér: [http://www.fg.is/Files/Skra\\_0036472.pdf](http://www.fg.is/Files/Skra_0036472.pdf).

Skólameistari er Kristinn Þorsteinsson og aðstoðarskólameistari Elísabet Siemsen, skipurit skólans má sjá hér: [http://www.fg.is/Files/Skra\\_0043845.pdf](http://www.fg.is/Files/Skra_0043845.pdf).

### 3. Viðfangsefni

FG stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

#### a. Skólanámskrá og námsframboð

Núgildandi skólanámskrá er í Námsvísi FG sem er birtur á vef skólans (<http://www.fg.is/namid/namsvisir/>) og var síðast endurskoðaður 2009. Unnið er að nýrri skólanámskrá og verður henni lokið á árinu 2013. Eldri námskrá er ekki í fullu samræmi við lög um framhaldsskóla frá 2008 en það verður lagfært í nýrri skólanámskrá.

Námsframboð er bæði eftir nýrri námskrá, í samræmi við lög frá 2008, og eldri námskrá. Allir nýnemar hófu nám samkvæmt nýju námsframboði haustið 2012. Gert er ráð fyrir að eldri námskráin verði að mestu úrelt 2016.

Námsframboð samkvæmt eldri námskrá: <http://www.fg.is/namid/eldri-namsbrautir/>.

Námsframboð samkvæmt nýrri námskrá: <http://www.fg.is/namid/ny-namskra/nyjar-namsbrautir/>.

Enn hafa engar nýjar brautir verið staðfestar af ráðuneytinu.

Skólinn býður einnig upp á fjarnám. Fjarnám er hugsað fyrir fólk á öllum aldri.

#### b. Skólabragur

FG birtir á heimasíðu sinni eftirfarandi áætlanir:

- Heilsustefna [www.fg.is/skolinn/stefnuskra/heilsustefna/](http://www.fg.is/skolinn/stefnuskra/heilsustefna/)
- Jafnréttisáætlun FG [www.fg.is/skolinn/stefnuskra/jafnrettisaetlun-fg/](http://www.fg.is/skolinn/stefnuskra/jafnrettisaetlun-fg/)
- Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum [www.fg.is/skolinn/stefnuskra/stefna-og-vidbragdsaaetlun-i-eineltismalum/](http://www.fg.is/skolinn/stefnuskra/stefna-og-vidbragdsaaetlun-i-eineltismalum/)
- Stefna skólans í forvörnum [www.fg.is/thjonusta/forvarnir/stefna-skolans-i-forvornum/](http://www.fg.is/thjonusta/forvarnir/stefna-skolans-i-forvornum/)

FG birtir á heimasíðu sinni eftirfarandi reglur:

- Prófreglur [www.fg.is/skolinn/skolareglur/profreglur/](http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/profreglur/)
- Reglur um skóladansleiki [www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-skoladansleiki/](http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-skoladansleiki/)
- Reglur um Dimission [www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-dimission/](http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-dimission/)
- Reglur um veikindi og veikindatilkynningar [www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-veikindi-og-veikindatilkynningar/](http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-veikindi-og-veikindatilkynningar/)
- Reglur um skráningu nemenda [www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-skrangu-nemenda/](http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-skrangu-nemenda/)
- Reglur um nemendaferðir [www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-nemendaferdir/](http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-nemendaferdir/)
- Reglur um notkun tölvubúnaðar skólans [www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-notkun-tolvubunadar-skolans/](http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-notkun-tolvubunadar-skolans/)
- Reglur skólans varðandi fíkniefni [www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-skolans-vardandi-fikniefni/](http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-skolans-vardandi-fikniefni/)
- Skólasóknarreglur <http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/skolasoknarreglur/>

- Umgengnisreglur [www.fg.is/skolinn/skolareglur/umgengnisreglur/](http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/umgengnisreglur/)
- Verklagsr. um tilkynningarsk. til barnaverndarnefnda [www.fg.is/skolinn/skolareglur/verklagsr-um-tilkynningarsk-til-barnaverndarnefnda/](http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/verklagsr-um-tilkynningarsk-til-barnaverndarnefnda/)
- Viðbrögð við samskiptavanda [www.fg.is/skolinn/skolareglur/vidbrogd-vid-samskiptavanda/](http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/vidbrogd-vid-samskiptavanda/)

Foreldraráð starfar við FG. Upplýsingar um það má finna á heimasíðu skólans ([www.fg.is/thjonusta/foreldrarad-fg/](http://www.fg.is/thjonusta/foreldrarad-fg/)). Mikil samvinna er milli foreldraráðs og skólans. Fulltrúi foreldraráðsins setur skólanefndarfundir og fundir skólaráðs sem áheyrnarfulltrúi. Jafnframt er fulltrúi frá foreldraráði í stýrihópi Heilsueflandi framhaldsskóla innan FG og í jafnréttisnefnd nemenda. Fulltrúi frá skólanum situr fundi foreldraráðsins. Foreldraráðið og skólinn bjóða í sameiningu upp á fræðslufundi fyrir forráðamenn.

Í skólaráði sitja tveir fulltrúar nemenda. Nemendur eiga tvo fulltrúa í stýrihópi Heilsueflandi framhaldsskóla. Nemendur eiga tvo fulltrúa í jafnréttisnefnd skólans. Á hverri önn er haldinn opinn fundur með nemendum skólans þar sem stjórnendur skólans og forysta nemendafélagsins sitja fyrir svörum. Fundargerðir þessara funda má sjá hér: [www.fg.is/skolinn/fundargerdir/](http://www.fg.is/skolinn/fundargerdir/).

#### c. Innritun og brotthvarf

Innritun er samkvæmt reglugerð ráðuneytisins nr. 1150/2008 og breytingum sem urðu á þeirri reglugerð nr. 204/2012.

Upplýsingar um innritun má sjá hér: <http://www.fg.is/namid/innritun/>.

Inntökuskilyrði á brautir má sjá hér: <http://www.fg.is/namid/innritun/inntokuskilyrði/>.

Í samræmi við breytingar á reglugerð um innritun í framhaldsskóla nr. 204/2012 veitir skólinn nemendum í Garðabæ og Álftanesi forgang við innritun. Það á þó ekki við um sérhæfðar brautir. Þær brautir eru listnámsbraut og íþróttabraut.

Nemendur sem hætta námi á hverri önn eru skráðir á minnisblaði með fundargerð skólaráðs. Sjá má reglur um skráningu nemenda hér:

<http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/reglur-um-skraningu-nemenda/>

Frá vorönn 2013 verða ástæður brotthvarfs skráðar samkvæmt eyðublaði frá ráðuneytinu.

#### d. Kennslufyrirkomulag

Athuga þarf að skólinn er að fara í gegnum breytingaferli. Hluti nemenda fylgir nýrri námskrá. Þó var ekki hróflað við einingakerfi í þeim breytingum. Á yfirborðinu sjást breytingar helst í nafni áfanga en í nýju námskránni er farið eftir sniðmáti frá ráðuneytinu.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ starfar eftir áfangakerfi. Í því felst að námsefni í einstökum námsgreinum er skipt niður í afmarkaða áfanga sem kenndir eru í eina námsönn. Nemendur velja áfanga með hliðsjón af námsleiðinni sem þeir hafa valið. Í hverjum áfanga eru gerðar kröfur sem þarf að uppfylla til að geta haldið áfram í næsta áfanga í sömu grein en fall í einni grein tefur þó ekki fyrir námi í öðrum greinum. Allt nám í skólanum er metið til eininga. Fá nemendur tiltekinn fjölda eininga fyrir hvern áfanga sem þeir ljúka með fullnægjandi árangri. Síðasti stafurinn í númeri áfanga táknar fjölda eininga sem hann gefur. Áfanginn ENS 103 gefur t.d. 3 einingar en ENS 102 gefur 2 einingar. Nemendur þurfa að ná tilteknum einingafjölda á hverri önn til að fá önnina viðurkennda og til lokaprófs er gerð krafa um tiltekinn einingafjölda, bæði í

heild og í einstökum námsgreinum og/eða greinaflokkum.

Skólaárinu er skipt í tvær annir, haustönn og vorönn og eru þær u.þ.b. jafnlangar. Hægt er að hefja nám og ljúka námi á hvorri önninni sem er. Margir námsáfangar eru kenndir á báðum önnum en sumir eru aðeins kenndir aðra önnina eða sjaldnar. Tvisvar á ári er birt skrá yfir áfanga sem í boði verða á næstu önnum. Kennt er í 60 mínútna löngum kennslustundum. Í sumum áföngum eru þó einnig 40 mínútna kennslustundir (skertir tímar).

Í áfangakerfi eru engir bekkir heldur er útbúin sérstök stundatafla fyrir hvern nemanda. Gefinn er ákveðinn frestur til að breyta stundatöflum í upphafi annar ef með þarf. Nemandi telst innritaður í áfanga hafi hann skráð sig og ekki sagt sig úr námsáfanga fyrir úrsagnareindaga. Á hverri önn gera nemendur námsáætlun þar sem þeir skipuleggja nám sitt innan skólans allt til námsloka.

Enn frekari upplýsingar um kennslufyrirkomulag má fá í Námsvísi FG. (sjá [http://www.fg.is/Files/Skra\\_0037690.pdf](http://www.fg.is/Files/Skra_0037690.pdf) bls. 9)

#### **e. Nemendur með sérþarfir**

Í námsvísi skólans kemur eftirfarandi fram:

Fatlaðir nemendur, langveikir og nemendur með sértæka lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum námsáföngum enda sé fullreynt að mati skóla að viðkomandi nemandi geti ekki náð tókum á námsefninu vegna skilgreindra annmarka sem sérfræðingur á viðkomandi sviði hefur staðfest. Nemendur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeir fá undanþágu frá.

Nemendur geta einnig sótt um undanþágu til skólameistara frá einni námsgrein ef þeir eiga við það mikla námsörðugleika að stríða að þeir geta ekki náð tókum á námsefninu þrátt fyrir endurteknar tilraunir og þrátt fyrir sérstaka aðstoð frá viðkomandi skóla. Slíkir námsörðugleikar skulu staðfestir af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Nemendur sem fá undanþágu samkvæmt þessu skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Íslenskir nemendur sem dvalið hafa langdvölum erlendis geta sótt um að stunda nám í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá. Þeim skal einnig gefinn kostur á að taka stöðupróf í íslensku þar sem því verður við komið.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá. Sama gildir um heyrnarlausa nemendur.

Nemendur sem hafa dvalið utan Norðurlanda á grunnskólaaldri geta sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál.

Nemendur sem fengið hafa undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla geta einnig fengið undanþágu frá Norðurlandamáli í framhaldsskóla. Þeir skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Áður en undanþága er veitt skal skólameistari gera nemendum grein fyrir því að undanþágan gæti skert möguleika þeirra til náms í skólum á háskólastigi eða möguleika til starfa á viðkomandi starfssviði ef um starfsnám er að ræða.

Á prófskírteini nemenda skal gera sérstaka grein fyrir undanþágum sem veittar eru samkvæmt framansögðu.

Á vorönn 2013 verður almenni hluti skólanámskrár endurskoðaður og er ljóst að þennan kafla þarf að laga í samræmi við framhaldsskólalögin.

#### f. Mat og eftirlit með gæðum

Innra mat:

Gert er grein fyrir sjálfsmati í skýrslu sem gerð er á hverju ári. Þær má sjá hér:

<http://www.fg.is/skolinn/sjalfsmat/>

Ytra mat.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki gert úttekt á FG

<http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/framhaldsskolar>

#### 4. Sérstök rekstrarverkefni

Engin

#### 5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

##### a. Markmið

Markmið FG eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt.

##### b. Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni FG styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.

#### 6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur FG. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

##### a. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.

- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykka áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávíka og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

#### b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

## 7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2015.


Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

*Reykjavík 26/2 2013*  
Staður og dagsetning

*Katrín Jakobsdóttir*  
Mennta- og menningarmálaráðherra

*Kristín Þann*  
Skólameistari



1000